

FUNDARGERÐ

228. stjórnarfundur Ríkisútvarpsins ohf.

Haldinn í Efstaleiti 1, 21. apríl 2021

Mætt voru stjórnarmennirnir Jóhanna Hreiðarsdóttir, Brynjólfur Stefánsson, Björn Ólafsson, Guðlaugur G. Sverrisson, Mördur Áslaugarson, Marta Guðrún Jóhannesdóttir (á Teams), Ragnheiður Elín Árnadóttir, Mördur Árnason (á Teams), Jón Ólafsson (á Teams) og Hrafnhildur Halldórsdóttir. Að auki sátu fundinn Stefán Eiríksson útvarpsstjóri, Anna Bjarney Sigurðardóttir fjármálastjóri og Sigrún Hermannsdóttir sem ritaði fundargerð.

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerðir 226, 227 og 228 lagðar fram til samþykktar. Orðalagsbreyting gerð við fundargerð 226 og þær allar samþykktar að því loknu.

2. Fjármál - uppgjör mars


Framkvæmdastjóri fjármála kynnti afkomu RÚV í mars. Tekjuáætlun sem hækkuð var á síðasta fundi var að hluta til hækkuð fyrir janúar og febrúar. Ákveðið var að setja hækkunina inn í mars fyrir fyrstu þrjá mánuðina og skýrir það neikvætt frávik í mars. Lítið er um frávik frá áætlun um rekstur deilda, að því frátöldu að afkoma fréttastofu var neikvæð vegna tvöfaldrar vakta vegna Covid-19 og fjármál, mannauður og tækni eru yfir áætlun vegna kostnaðar við förgun á Vatnsenda. Fjármagnsliðir voru mikið undir áætlun vegna gengisbreytinga þrátt fyrir hækkun á vísitölu neysluverðs milli mánaða. Þá var kynnt afkoma fyrsta ársfjórðungs, en í heildina er uppsöfnuð afkoma 56 m.kr. betri en áætlun. Munar þá mestu um þróun fjármagnsliða og áhrifa gengisstyrkingar. Hagnaður af rekstri á fyrsta ársfjórðungi nam 34,2 m.kr. Staðan í samskiptum milli RÚV og RSK var kynnt en eins og fram kom í ársreikningi RÚV á félagið 170 m.kr. kröfu á skattinn vegna hluta virðisaukaskattsskýrslna frá tímabilinu 2017 til 2020. RÚV hefur unnið í að senda skattinum umbeðin gögn vegna þessarar kröfu en niðurstaða er ekki komin í málið. Umræða var um hvort RÚV ætti að kaupa gengisvarnir þar sem staðan í skuldbindingum í erlendri mynt hefur hækkað vegna kaupa á erlendum sýningarréttum í febrúar s.l. vegna stórmóta í íþróttum. Ákveðið var að leggja minnisblað fyrir stjórn á næsta fundi um kosti og galla gengisvarna og tilboð í gengisvarnir.

3. Minnisblað útvarpsstjóra

Útvarpsstjóri gerði grein fyrir stöðu mála við stefnumótunarvinnu, en gengið hefur verið frá samningi við ráðgjafa og stýrihópur settur saman. Gerð var grein fyrir vinnu við endurskoðun siðareglna Ríkisútvarpsins, en hópi starfsfólks RÚV var falið að sinna þeirri vinnu. Fjallað var stuttlega um erlenda fundi og þar á meðal að óskað var eftir því við útvarpsstjóra að gegna formennsku í stýrihópi á vettvangi EBU (Steering Group on Diversity, Equity and Inclusion). Gerð var grein fyrir vinnu við jafnlaunaúttekt sem er í gangi. Stjórnin var upplýst um að tveir nýlegir sýknudómar í málum gagnvart RÚV og starfsfólki þess yrði ekki áfrýjað og endanleg niðurstaða lægi því fyrir. Loks var farið yfir ýmis mál, Eurovision sem er framundan í Rotterdam, breytingar í anddyri útvarpshússins og stöðu COVID mála. Í umræðum var óskað eftir því að stjórnarmenn fengju reglubundnar upplýsingar um gang mála í þeirri stefnumótunarvinnu sem nú stendur fyrir dyrum. Verður að sjálfsögðu orðið við því eins og áður. Áætlað er að stefnumótunarvinnu verði lokið í lok árs samkvæmt tímalínu, þó mögulega geti teygst úr vinnu fram á næsta ár.

Næsti stjórnarfundur ákveðinn 26. maí 2021.

Önnur mál ekki rædd og fundi slitið kl. 17.45


Marta Guðrún Jóhannesdóttir
Brynjólfur Stefánsson
Björn Ólafsson
Ragnheiður Elín Árnadóttir